

Skýrt og vandað mál

í textum frá umboðsmanni Alþingis

Eiríkur Rögnvaldsson

uppgjafaprófessor og málfarslegur aðgerðasinni

UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS, ÞÓRSHAMRI, 6. MARS 2025

Tungumál og vald



- Tungumálið er gífurlega öflugt valdataeki
 - Þau sem hafa gott vald á því eru í yfirburðastöðu
 - Það á einkum við um háskólamenntað fólk
- Á mörgum sviðum hefur þróast sérstakt málfar
 - sem þau sem starfa á þessum sviðum hafa á valdi sínu
 - og standa því vel að vígi þar sem þessu máli er beitt
- Oft er fólk á sviðinu orðið samdauna þessu málfari
 - en hugsar ekki út í að sama gildir ekki um almenning
 - og notar þess vegna útilokandi mál án þess að ætla sér það
- Þetta gildir ekki síst um lögfræði og lagamál

Rannsókn á skilningi á íslensku lagamáli



- „Margir þátttakendur í rannsókninni töldu að það hefði mátt auðvelda lestur og skilning textanna með **styttri setningum og færri innskotssetningum [...].**”
- „[E]inkum voru það ákveðin gömul, sjaldgæf og sérfræðileg orð og orðasambönd sem vöfðust fyrir þátttakendum og þeir sögðu hafa **torveldað skilning sinn á efninu.**”
- „[S]uma lagatexta [hlýtur] að mega endurskrifa á ljósara máli og með betri skýringum hugtaka. **Bágur skilningur almennings á lagatexta er á skjön við tilgang hans.**”

- Ari Páll Kristinsson, Birgitta Guðmundsdóttir, Olga M. Cilia og Sigrún Steingrímisdóttir, „[Skilur almenningur íslenskt lagamál?](#)”, *Orð og tunga* 24, 2022 (feitletrun mín, ER)

Málið á bréfum og álitum umboðsmanns



- „Hlutverk umboðsmanns er að hafa í umboði Alþingis eftirlit með stjórn-sýslu ríkis og sveitarfélaga [...] og tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum landsins.“
- Því er grundvallaratriði að málið á þeim gögnum sem koma frá umboðsmanni sé **vandað** – skiljanlegt og skýrt
- „Texti er á skýru máli ef orðalag, setningaform og framsetning er nægilega ljós til að væntanlegir lesendur geti auðveldlega fundið í textanum þær upplýsingarnar sem þá vantar, geti skilið þær upplýsingar og notað þær.“

- Ari Páll Kristinsson, Birgitta Guðmundsdóttir, Olga M. Cilia og Sigrún Steingrímsdóttir, „[Skilur almenningur íslenskt lagamál?](#)“, Orð og tunga 24, 2022 (feitletrun mín, ER)

Skýrt mál – Klarsprog – Plain Language



- “[U]ntil recently, Icelandic linguists did not find it worthwhile to prioritize research into plain language.”
- “[T]his lack of interest can be explained by the ideology that plain language use is inherently entailed by Iceland’s prevailing lexical purism, deep-rooted respect for ‘Saga style’ concise sentences, traditional grammar, and ancient idioms.”
- “Consequently, the general perception has been that there is no particular need for plain language efforts.”

• Ari Páll Kristinsson, „[Íslandsk klarsprog som forskningsområde](#)“, *Myndighetstexter ur medborgarperspektiv – Rapport från Nordisk klarspråkskonferens i Helsingfors, 2014*

Skýrt mál ≠ vandað mál



- Meðal þess sem talið er einkenna vandað mál er að það sé
 - villulaust
 - formlegt
 - hefðbundið
 - auðugt
 - blæbrigðaríkt
 - skáldlegt
 - fallegt
- Í textum frá umboðsmanni skiptir þó meginmáli að það sé
 - auðskilið
 - ótvírætt

Að hverju þarf að huga?



- Setningar, málsgreinar og efnisgreinar
 - Lengd
 - Orðaröð
 - Flækjustig
- Orð og orðasambönd
 - Lengd
 - Tíðni
 - Gagnsæi
 - Notkunarsvið
 - Skammstafanir

Orð og orðasambönd



- Sneiðið hjá löngum samsettum orðum, einkum ógagnsæjum
- Veljið algeng orð frekar en sjaldgæf sömu merkingar
- Umorðið frekar en nota sjaldgæf eða ný orð
- Takið orð úr almennu máli fram yfir íðorð ef hægt er
- Útskýrið lítt þekkt orð ef nauðsynlegt er að nota þau
- Notið venjulegt mál frekar en myndhverfingar og líkingar
- Stillið notkun fastra ógagnsærra orðasambanda í hóf
- Forðist skammstafanir – skrifið orð fullum stöfum
- Skrifið tölur með bókstöfum frekar en tölustöfum

Setningar, málsgreinar og efnisgreinar



- Stillið lengd setninga, málsgreina og efnisgreina í hóf
- Takmarkið undirskipun – notið hliðskipun sem mest
- Forðist innskot ef þess er nokkur kostur
- Varist tvöfalda neitun
- Notið germynd frekar en þolmynd
- Byrjið setningar á frumlagi frekar en sögn
- Hafið röð orða og setninga sem næst eðlilegu talmáli
- Lesið textann upphátt til að athuga flæði
- Reiknið þyngdarstig textans

Mat á lesþyngd texta



- Hvernig á að meta þyngd texta?
 - Ein leið er að nota sænsku *LIX*-formúluna („läsbarhetsindex“):
- Meðallengd málsgreina + hlutfall orða lengri en sex bókstafir

$$LIX = \frac{A}{B} + \frac{C \cdot 100}{A}$$

- A = orðafjöldi texta
- B = fjöldi málsgreina (reiknað út frá fjölda punkta og tvípunkta)
- C = fjöldi langra orða (lengri en sex bókstafir)
- Þetta er mjög einföld formúla með fáum breytum
 - en gefur þó oft góða vísbendingu um þyngd texta

Lespyngd mismunandi texta



- Túlkun *lix*-tölunnar (miðað við texta á sænsku):
 - < 30 Mjög auðlesinn texti – barnabækur
 - 30-40 Auðlesinn texti – fagurbókmenntir, einfaldur blaðatexti
 - 40-50 Meðalþungur texti – venjulegur blaðatexti
 - 50-60 Þungur texti – opinber skjöl
 - > 60 Mjög þungur texti – skriffinnskutexti
- Löng orð í íslensku eru oft gagnsærri en í sænsku
 - sem gæti hugsanlega leitt til of hárrar *lix*-tölu íslenskra texta
- Hér er hægt að reikna *lix*-tölu texta: <https://www.lix.se/>
 - Reynið að koma tölunni niður fyrir 50!

Takk fyrir áheyrnina!

eirikur@hi.is, eirikur.rognvaldsson@gmail.com

<https://uni.hi.is/eirikur/ritaskra/malfarspistlar>

<https://www.facebook.com/groups/malspjall/>